

Staðgreiðsla 2021

Prepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum.
Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 349.018 kr.	31,45%
Af næstu 630.829 kr.	37,95%
Af fjárhæð umfram 979.847 kr.	46,25%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 50.792 kr.

Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðenda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 349.018 kr. hjá einum launagreiðenda þarf að reikna 37,95% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum, en fari laun yfir 979.847 kr. þarf að reikna 46,25% staðgreiðslu af þeim hluta.

Vikulaun

Pegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir:

31,45%	af fyrstu 80.322* kr.
37,95%	af 80.323-145.177** kr.
46,25%	af launum umfram 145.177 kr.

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* 4.188.211/365 * 7 = 80.322 ** 7.569.948/365 * 7 = 145.177

Persónuafsláttur á mánuði er 50.792 kr.

Persónuafsláttur ársins 2021 er 609.509 kr. eða 50.792 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. janúar 2021 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 50.792 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 25.396 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 23.378 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 11.689 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. 609.509 X dagafjöldi launatímabilsins
365

Frítekjumark barna er 180.000 kr.

Börn sem fædd eru 2006 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2021 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 180.000 kr. Í vefskilum skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenn- dra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. **Heimilt er að veita til viðbót- ar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.**

Tryggingagjald o.fl. til staðgreiðslu er 6,10%

Tryggingagjald er 6,00%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 6,10%. Af launum sjómanna á fiskiskípum greiðast til við- bótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almennt tryggingagjald 4,65%
- Atvinnutryggingagjald 1,35%
- Tryggingagjald alls 6,00%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/gjaldþrota 0,05%
- Markaðsgjald 0,05%
- **Samtals til staðgreiðslu 6,10%**
- Viðbót vegna launa sjómanna 0,65%
- Samtals af launum sjómanna [á fiskiskípum] 6,75%

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð A1 (áður E-101) gilda sérstakar reglur.

Fjársýsluskattur til staðgreiðslu er 5,5%

Fjársýsluskattur er lagður á fjármálafyrirtæki, verðbréfa- fyrirtæki og tryggingafélög. Skatthlutfallið er 5,5% og skattstofninn eru allar tegundir launa og þóknana. Skattur- inn er greiddur mánaðarlega í staðgreiðslu.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá skattur.is

Leiðbeiningar vegna rafræna skila á staðgreiðslu á þjónustuvef Skattsins, skattur.is

Kennitala: Í staðgreiðsluskilum er færð inn kennitala launamanns eða sjálfstætt starfandi einstaklings.

Laun og hlunnindi: Færð eru inn laun, bifreiðahlunnindi, staðgreiðsluskyldur ökutækjastyrkur og staðgreiðsluskyldir dagpeningar. Stofn til staðgreiðslu eru öll staðgreiðsluskyld laun og hlunnindi.

Persónuafsláttur: Nýting persónuafsláttar.

Persónuafsláttur maka: Ef nota á persónuafslátt maka þarf að færa hann sérstaklega inn.

Prepaskipti: Ef hluti launa á að reiknast í 2. skattþrepi skal færa mismuninn í reitinn "Par af í þrepi 2".

Lífeyrissjóður: Færa þarf inn iðgjald sem greitt er í lífeyrissjóð (4% lögbundið iðgjald og allt að 4% iðgjald í séreignasjóð).

Kennitala	Nafn	ÍSAT	ÍSTARF	Starf%				
0707689999	Árni Jónsson	<input type="checkbox"/>						
<input type="checkbox"/> Starfsmaður er hættur								
Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iðgjald í lífeyrissjóð	Skattstofn			
470.000	+	0	+	0	-	18.800	=	451.200
Reiknuð staðgreiðsla	Persónuafsláttur	Persónuafsl. maka	Greidd staðgreiðsla	Par af í þrepi 1	349.018			
148.544	-	50.792	-		=	97.752	Par af í þrepi 2	102.182
				Par af í þrepi 3	0			

[Nánar um þrepin](#)

Sundurlíðun launamanna samtals

Laun og reiknað endurgjald	Bifreiðahlunnindi	Ökutækjastyrkur í staðgreiðslu	Dagpeningar í staðgreiðslu	Greitt iðgjald í lífeyrissjóð	Greidd staðgreiðsla
470.000	0	0	0	18.800	97.752

Tryggingagjald o.fl.

Laun og aðrar greiðslur	Mótframlag launagreiðanda	Ökutækjastyrkur utan staðgreiðslu	Iðgjald v/slysatr. sjómanna	Tryggingagjald
470.000	54.050	0	0	Reikna
				31.967

Mótframlag: Skilagrein reiknar mótframlag 11,5% á móti 4% iðgjaldi í lífeyrissjóð en breyta má mótframlagi í lífeyrissjóð ef greiðslur eru aðrar. Ef launþegi er 70 ára eða eldri á ekki að greiða iðgjald né mótframlag. Börn 15 ára og yngri greiða ekki í lífeyrissjóð.

Tryggingagjald: Smella þarf á „Reikna“ til að skilagreinin reikni tryggingagjaldið. Einnig er hægt að handfæra inn í reitinn ef þess er þörf.

Ökutækjastyrkur utan stgreiðslu: Færa þarf inn ökutækjastyrk utan staðgreiðslu samkvæmt akstursbók.